60 1. júní **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um breyting á viðaukagreinum við samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra bæjarfógeti, dags. 24. f. mán., vil jeg hjer með samkvæmt 31. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 samþykkja, að viðaukagreinum frá 15. maí f. á. við samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur 15. maí 1873 verði breytt þannig, að hin síðari verði þannig orðuð:

»Frá 25. apríl til 25. sept. má enginn taka krækling til beitu í landareign kaupstaðarins, að viðlögðum sektum frá 5—20 krónur. Þó á þetta eigi við um krækling, sem tekinn er með höndunum úr því júlímánuður byrjar. Á öðrum timum árs o. s. frv.«, greinin óbreytt.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar[1].

61 14. júní **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu* **um breyting á ákvæðum um skipting Helgastaðahrepps.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 11. þ. m. og þar með fylgjandi erindi frá hreppsnefndunum í Reykdæla og Aðaldælahreppum, vil jeg hjer með samþykkja þá breytingu á ákvæðunum um skipting Helgastaðahrepps í landshöfðingjabrjefi 28. desbr. f. á. (Stj.tíð. 1893, B, bls. 211), að 3. töluliður verði svohljóðandi:

»Þegar svo er, að til hreppsnefndar kasta þarf að koma að sjá sameiginlegum ómögum eða þurfalingum fyrir samastað — en sameiginlegir ómagar eða þurfalingar eru þeir, er sveitfesti hafa eignast í Helgastaðahreppi áður en honum var skipt — þá skal þeim sjeð fyrir samastað í þeim hreppnum, sem þeir eru fæddir í, ef þeir eru sveitfastir sökum fæðingar, en hafi þeir unnið sjer sveitfesti, skal þeim sjeð fyrir samastað í þeim hreppnum, sem þeir unnu sjer hana í, eða sem þeir dvöldu í fleiri af sveitfestis-árunum eða voru í síðasta sveitfestis-árið, ef þeir voru jafnmörg í báðum. Kostnaður við styrk og framfæri slíkra manna skiptist samkvæmt tölul. 2. milli hreppanna eptir hlutföllunum $^{8}/_{15}$ og $^{7}/_{15}$«.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum.

---

1) Hinar tilvitnuðu viðaukagreinar frá 15. maí 1893 eru svohljóðandi:

1. Þeir, sem fá útvísað svæði í landi bæjarins til að kljúfa grjót, eru skyldir að byrja grjótnámið á þeim stað í hinu útvísaða svæði, sem umsjónarmaður ákveður, og ganga svo frá því, að ekki verði þar eptir annað grjót en seglfestugrjót og hnullungar, sem ekki verða notaðir í byggingar. Brot gegn þessu varða sektum allt að 10 krónum eptir atvikum.

2. Frá 25. apríl til 25. september má enginn taka krækling til beitu í landareign kaupstaðarins að viðlögðum sektum, 5—20 krónum. Á öðrum tímum árs er beitutaka heimil öllum róðrarskipum og ferjum, sem eru í eign bæjarmanna og hafa verstöð sína hjer í bænum. Heimildarlaus beitutaka varðar sektum frá 10—30 krónum.